

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

411. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 16.08.2019, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Kristinn Andersen, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Ágúst Bjarni Garðarsson boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestur fundarins undir lið 1 var Theodór S. Sigurbergsson frá Grant Thornton.

Tekið fyrir:

1. Árshlutauppgjör – 6 mánaða 2019

Árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuði ársins lagður fram og kynntur. Framkvæmdastjóri kynnir einnig samanburð rekstrar og áætlunar. Árshlutareikningurinn ræddur, staðfestur og undirritaður.

2. Endurskoðuð fjárfestingaráætlun

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að endurskoðaðri fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun fyrir árið 2019-2023. Málinu vísað til eigendavettvangs.

3. Niðurstaða útboðs á uppsetningu tækjabúnaðar í móttökustöð

Tilboð í verkið voru opnauð þann 27. júní sl.og er samanburður tilboða sem hér segir:

Tilboðsgjafi	Upplesin upphæð kr.	Upphæð eftir yfirferð kr.	% af kostnaðaráætlun
Héðinn ehf.	192.918.237,-	192.909.890,-	87,7%
Ístak hf. – frávik	208.116.419,-	206.204.769,-	93,7%
Ístak hf.	227.473.724,-	225.563.984,-	102,5%
VHE ehf.	243.858.965,-	243.858.965,-	110,8%
Hamar ehf.	262.134.292,-	262.134.292,-	119,2%
Stál og suða	271.036.000,-	293.536.000,-	133,4%
Stálsmiðjan Framtak	471.876.144,-	469.876.193,-	213,6%
Kostnaðaráætlun	220.000.000,-	220.000.000,-	100,0%

Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja við lögstjóranda um verkið.

4. Svar við kröfu ÍAV

Lagt fram svarbréf LOGOS lögmannsstofu við kröfu ÍAV vegna útboðs á byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar.

5. Metannotkun sveitarfélaganna

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að bréfi til sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er eftir svörum þeirra um hvort þau hyggist nýta metan á ökutæki í þjónustu sveitarfélaganna. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að óska svara frá hverju sveitarfélagi en einnig frá Strætó bs. og SHS bs.

6. Bréf Samkeppniseftirlits vegna sáttar um metanmál frá 2012

Lagt fram og kynnt bréf Samkeppniseftirlits, dagsett 5. júlí 2019 þar sem kynnt er sú ákvörðun eftirlitsins að falla frá efnisskilyrðum ákvörðunar nr. 33/2012 – lóðrétt samráð vegna metangas.

7. Bréf Samkeppniseftirlits vegna kvörtunar Gámaþjónustunnar hf. um afnám afsláttá frá 2013 – lok máls og tilmæli

Lagt fram og kynnt bréf Samkeppniseftirlitsins, dagsett 5. júlí 2019 þar sem eftirlitið kynnir lok máls og ákveðin tilmæli til SORPU bs.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn þann 26. ágúst kl. 12:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 09:05

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir